



Stjórnarfundur Leiknar haldinn föstudaginn 16. Nóvember 2018, hjá Framvegis, Skeifunni 11B, Reykjavík.

Mætt: Guðrún Vala Elísdóttir, Guðrún Lárusdóttir (mætti 12:35), Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ingibjörg Kristinsdóttir og Helgi Þ. Svavarsson

Forföll boðuðu: Ólafur Ástgeirsson og Helga Gísladóttir

1. Heimasíða Leiknar og efni þar inn á

Þar sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur sagt upp samningi sínum við NVL varðandi áskrift að Adobe connect hafa öll fræðsluerindi horfið út af heimasíðunni. Til bráðabirgða er búið að færa erindin inn á youtube rás. Unnið er að því að fá efnið aftur inn á síðu Leiknar.

Rætt var með hvaða hætti má auka aðsókn á fræðsluerindin og auka umferð um heimasíðun. Formaður ítrekaði hvatningu sína til stjórnarmanna að vera vakandi fyrir efni sem á erindi inn á síðuna og setja inn.

Í tengslum við umræðuna spurði Ingunn spurningar um tilvist Leiknar og hvert væri hlutverk samtakanna? Í framhaldi voru umræður um með hvaða hætti samtökin gætu sinnt hlutverki sínu betur og eft sig. Meðal hugmynda kom fram leiðir til að skrá sig á póstlista, safna saman fréttum aðildarfélaga og setja á heimasíðu Leiknar, halda EPALE á lofti gagnvart aðildarfélögum o.fl.

Ákveðið að stjórnarmenn fái fá „admin“ aðgang að heimasíðunni. Ritari mun því hér eftir sjá um að birta fundargerðir á heimasíðu Leiknar.

2. EPALE Ráðstefna í Budapest og Möppur

Formaður sagði frá EPALE ráðstefnu sem haldinn var í Búdapest 14 - 16 október sl. Ráðstefnan var undir heitinu “Growing together. Fostering an inspiring adult learning community”.

Ávinningur ferðarinnar er að mati formanns aukin þekking á EPALE. Í samtali formanns og Margrétar Sverrisdóttur hjá Rannís kom upp sú hugmynd að EPALE geti prentað möppur sem kynningarefni og sem aðildarfélög Leiknar gætu notað fyrir sig. Margrét hjá Rannís hefur látið vinna að hönnun á slíkum möppum sem formaður kynnti fyrir stjórninni.

Stjórn leist best á möppur sem eru með hvítan bakgrunn og lógó aðildarfélaga.

Í framhaldi sagði Anna Kristín frá Nordplus tengslaráðstefnu í Svíþjóð sem hún sótti en þar tóku þátt aðilar frá norðurlöndunum og Eystarsaltslöndunum. Anna fór sem sendiherra EPALE. Þema ráðstefnunnar var menning og var meðal annars kynnt kennsluáðferð í tungumálum sem felst í því að nota sögur til að skapa umræður.

Bent á EPALE þar sem hægt er að fylgjast með mögulegum samstarfsaðilum og þemabundnum umræðum.

3. VISKA verkefni

Formaður sagði frá gangi mála í verkefninu og hver staðan er. Fulltrúi og varafulltrúi Leiknar komust ekki á fundinn en formaður mun senda fundargerðina til stjórnarmanna.

Umræður um að skoða með samvinnu vettvang fyrir stjórn t.d. Micorsoft teams.

4. Fjarfræðsluerindi

Hugmynd um að taka upp fjarfræðsluerindi og senda þau út seinna. Hugmyndin var rædd en stjórnin saknar þess að missa umræðuna í erindunum.

Guðrún Vala fór yfir hugmyndir að erindum.

Ákveðið að fá

Margrét Sverrisdóttir með erindu um Erasmus og Nordplus. Í nóvember Guðrún gála talar við hana

Helen Jónsdóttir að fjalla um Lýðskólann á Vestfjörðum. Í desember Ingibjörg talar við hana.

Anna Lóa að fjalla um Virk: Guðrún Lárusdóttir ræðir við hana.

Kynning á NVL. Guðrún Vala útvegar erindi

5. Persónuverndarlöggjöfin

Umræðum frestað

6. Norrænn fundur í janúar

Dagsetning fundarins er 15. Janúar. Formaður og gjaldkeri sögðu frá stöðu undibúnings. Lögð áhersla á að allir stjórnarmenn mæti á þennan fund.

Nauðsynlegt er að bóka fundaraðstöðu sem fyrst. Stjórnarmönnum falið að velta fyrir sér hugmyndum að erindi á ráðstefnunni.

7. Námsferð til Danmerkur

Anna sagði frá möguleikum varðandi námsferð stjórnar til Danmerkur. Önnu var falið að koma með tillögu að dagsetningu ásamt drögum að dagskrá.

Ingibjörg Kristinsdóttir yfirgaf fundinn undir þessum lið kl. 13:50

8. Næsti stjórnafundur.

Næsti stjórnafundur verður 4. janúar í fjarfundi.

9. Önnur mál

- Facebook síða Leiknar. Guðrún Lárusdóttir falið að búa til facebook síðu
- Ræddar voru leiðir til þess að virkja betur einstaklinga sem tengjast Leikn á einn eða annan hátt.
- § Spyrja um áherslur, eða hugmyndir að fræðslu erindum.
- Erindi frá EAEA skrifstofunni. Formaður greindi frá erindinu þar sem greint var frá Næsta EAEA fundi sem verður þann 26 og 27. Júní í Kaupmannahöfn.
- Svar Kvasir frá formanni Kvasis varðandi samstarf við aðalfund. Stjórn Leiknar óskar eftir því að halda samstarfinu við Kvasi varðandi aðalfund áfram.